

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Deiliskipulag fyrir lóðina að Hverfisgötu 29.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 2. október 2007 deiliskipulag fyrir Hverfisgötu 29, Hafnarfirði. Breytingin felst í að stæðum í bílageymslu er fækkað og í stað þeirra er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir starfsmann og sameign. Í stað þriggja einbýlishúsa er nú gert ráð fyrir sambýli með 6 íbúðum. Farið var með deiliskipulagið skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og það yfirfarið af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 22. október 2007,

Málfríður Kristjánssdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 6. nóvember 2007